

Fimmti fundur Delta-deildar starfsárið 2014-2015 var haldinn 29. apríl 2015. Fundirinn var haldinn í Búðardal og hófst hann kl. 18.00.

Við byrjuðum á að skoða Byggðarsafn Dalamanna að Laugum. Valdís Einarsdóttir byggðavörður frá Lambeyrum tók á móti okkur, sýndi okkur safnið og sagði sögur af munum og mannfólki frá liðinni tíð á mjög lifandi og skemmtilegan hátt. Safnið hefur að geyma marga merkilega muni t.d frá Ólafsdal og best smíðuðu baðstofu landsins. Því næst var keyrt til baka og inn í Búðardal þar sem fundurinn var haldinn að Dalakoti, sem er gistihús og veitingastaður.

Theodóra setti fundinn kl. 19.40, Þrúður kveikti á kertunum og Theodóra bar kveðju frá konum og gerði nafnakall. Að því loknu var borðað súpa og brauð.

Orð til umhugsunar flutti Theodóra formaður að þessu sinni. Hún sagði okkur frá skemmtilegu samvinnuverkefni milli tónlistarskólans og safnaðarhúsins. Verkefnið heitir Skáldkonurnar frá Ásbjarnarstöðum. Nemendur tónlistarskólans sömdu lög við ljóð þessara skáldkvenna en sýning stendur yfir í safnaðarhúsinu um þessar fimmtán skáldkonur. Theodóra sýndi okkur ljóðabók eftir móður sína Sigríði Jónsdóttur sem fæddist 1930, hún byrjaði að semja ljóð 8 ára gömul. Theodóra las eitt ljóð eftir hverja skáldkonu frá Ásbjarnarstöðum og eitt ljóð eftir móður sína sem heitir Tónlist. Að ljóðalestri loknum var komið að því að fá sér kaffi og köku. Þrúður var einnig með ljóðabók meðferðis sem heitir Úr handraðanum, ljóð og stökur eftir systurnar Steinunni og Helgu Þorgilssdætur en sú fyrri er tengdamóðir Þrúðar og kenndi hún lengi við Laugaskóla. Ljóðið sem Þrúður las er eftir Helgu systir tengdamóður hennar og heitir ljóðið Sumardagur fyrsti sem var vel við hæfi og einstaklega fallett ljóð.

Theodóra kom með nokkrar tilkynningar og greindi hún frá því að enn væri hægt að skrá sig á Landsambandsþingið og einnig hvatti hún konur að skrá sig á Evrópuþingið sem verður í Boris í Svíþjóð 5-8. ágúst. Theodóra bætti því við að sér fyndist svo hressandi að hlusta á góðan fyrirlestur sem væri fullur af hugmyndum. Út frá þessum orðum Theodóru spruttu upp skemmtilegar umræður og Gulla sagði okkur frá námskeiði sem hún sat nýverið þar sem fjallað var um hvernig hægt sé að auðga leik barna á útileiksvæði.

Sungum að lokum sönginn okkar Delta- Kappa –Gama. Hapdætti var á sínum stað og hreppti Sjöfn vinninginn að þessu sinni, í annað skiptið á stuttum tíma. Vinningurinn kom frá Kappa konunni Önnu Hugadóttur, hún fékk hapdrættis vinninginn þegar hún kom með Kappa konur í heimsókn á fundinn í Melasveit og fannst henni ekki annað koma til greina en að koma með vinning.

Theodóra sleit fundi kl. 20.55. Sátum við drjúga stund eftir það í góðu spjalli með Þrúði Dalakonu. Heimferðin gekk vel hjá þessum átta konum sem höfðu tök á að mæta á síðasta fund vetrarins.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir